

Ed.

322. Nefndarálit

[82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Það er margt, sem þarf að athuga í sambandi við tekjuöflun sveitarfélaga. Mörg þeirra eiga í erfiðleikum með að afla nægjanlegra tekna til að rísa undir lögboðnum gjöldum. Horfur í atvinnumálum þjóðarinnar spá ekki heldur góðu í þessum efnum. Vinna ber að því að útvega sveitarfélögum nýja tekjustofna. Aðstöðugjaldið er þyrnir í augum margra, ekki sízt fyrir það, að þeim mun óhagstæðari sem atvinnureksturinn er og fleiri óhöpp henda, þeim mun hærra verður gjaldið hjá hlutaðeigandi aðila, en gjaldþolið minnkar að sama skapi.

Í trausti þess, að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði innan tíðar endurskoðuð og sveitarfélögum þar með skapaður traustari fjárhagsgrundvöllur til að standa á framvegis, legg ég til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 3. mgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Síðasta málsg. 31. gr. orðist svo:
Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurröfnun. Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er sveitarstjórn heimilt að láta reglu þessa gilda því aðeins, að jafnframt hafi verið gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí álagningarárið. Hafi gjaldandi eigi greitt þá upphæð fyrir 31. júlí, en gerir síðan full skil á öllu útsvarinu fyrir áramót, skal helmingur útsvars dreginn frá hreinum tekjum.
3. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, sem verði 4. gr., svo hljóðandi:
34. gr., síðari málsgrein, orðist svo:
Hækkun útsvars má þó eigi fara fram úr 5 hundraðshlutum.
4. Við 4. gr. Greinin, sem verði 5. gr., orðist svo:
e-liður ákvæða til bráðabirgða orðist svo:
Á árunum 1968 og 1969 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Ásgeir Bjarnason.